



# Erindisbréf fyrir nefndir Skútustaðahrepps

## I. kafli

### I. Umboð og hlutverk

#### 1. gr.

Nefndir Skútustaðahrepps eru skipaðar af sveitarstjórn skv. ákvæðum í samþykktum um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins. Ákvarðanir nefnda eru ekki bindandi fyrir sveitarfélagið fyrr en þær hafa hlotið staðfestingu sveitarstjórnar.

#### 2. gr.

Nefndir Skútustaðahrepps skulu leitast við að tryggja að ákvarðanir þeirra og vinna sé í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og taka mið af almannahagsmunum en ekki sérhagsmunum.

### II. Réttindi og skyldur

#### 3. gr.

Um réttindi og skyldur fulltrúa í nefndum Skútustaðahrepps gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins eftir atvikum.

#### 4. gr.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

#### 5. gr.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til formanns og/eða starfsmanns nefndarinnar a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Laun fyrir nefndarstörf eru ákvörðuð af sveitarstjórn og eru samkvæmt samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum sveitarfélagsins. Laun eru að jafnaði greidd í hverjum mánuði samkvæmt skráningu nefndarformanna um mætingu á fundi.

#### 6. gr.

Fulltrúar í nefndum Skútustaðahrepps skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni, en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

#### 7. gr.

Fulltrúar eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls eða lögum, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda



helst óbreytt þótt menn hætti setu í nefndinni eða láti af störfum á hennar vegum.

### **8. gr.**

Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann vikur af fundi.

## **III. Starfshættir**

### **9. gr.**

Um starfshætti nefnda er sérstaklega fjallað í V. kafla samþykktar um stjórn Skútustaðahrepps og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

### **10. gr.**

Nefndir Skútustaðahrepps koma almennt saman fyrir luktum dyrum á boðuðum fundartímum. Í upphafi hvers árs skal gerð fundadagatal fyrir allar nefndir sveitarfélagsins.

### **11. gr.**

Nefndir skulu halda fundargerðabók, heimilt er að hafa hana rafræna. Kjörinn eða ráðinn ritari færir fundargerðina en í hana skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skulu nefndarmenn staðfesta fundargerðina með undirskrift. Um ritun fundargerða skal að öðru leyti farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, samanber auglýsingu þess efnis nr. 22/2013, sem sett hefur verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fundarboð og fundargerðir nefnda skal vinna og varðveita í viðurkenndu skjalavistunarkerfi t.d. One system og skal starfsmaður viðkomandi nefndar bera ábyrgð á eftirfylgni þessa ákvæðis.

Fundargerðum kemur formaður strax að fundi loknum til sveitarstjóra og sér hann um að hún verði lögð fram með dagskrá næsta sveitarstjórnarfundar.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal sérstaklega lögð fyrir sveitarstjórn eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Við meðferð fundargerða og framlagningu skal trúnaðar gætt um málefni einstaklinga, skv. lögum eða eðli máls, eftir atvikum með yfirstrikun nafna í



afritum fundargerða. Fulltrúar nefndarinnar skulu upplýstir um afgreiðslu sveitarstjórnar á einstökum málum á næsta fundi nefndarinnar eða á annan sannanlegan máta.

#### **12. gr.**

Formaður sér um að boða nefndina til fundar í samráði við viðkomandi starfsmann nefndarinnar þar sem við á og sjá þeir sameiginlega um undirbúning funda hennar. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Fundarboð skal sent fulltrúum í nefndinni og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólahringum fyrir fund. Heimilt er að senda fundarboð (dagskrá) rafrænt til nefndarmanna, aðalmanna og varamanna, með tölvupósti ásamt fylgigögnum. Almenna reglan er sú að gögn fyrir fundi séu aðgengileg rafrænt í gegnum aðgang kjörinna fulltrúa og nefndarmanna inn á fundargátt sveitarfélagsins.

#### **13. gr.**

Formaður stýrir fundum nefndar skv. ákvæðum 31. gr. samþykktu um stjórn Skútustaðahrepps. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fundinn. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

### **IV. Framkvæmd**

#### **14. gr.**

Til að fylgja eftir staðfestum samþykktum nefndar skulu formaður og/eða aðrir fulltrúar í viðkomandi nefnd snúa sér til sveitarstjóra eða annarra starfsmanna eftir eðli máls.

### **V. Lög og reglugerðir**

#### **15. gr.**

Í störfum sínum skal hver nefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem um starfssvið hennar gilda hverju sinni.

Þá skal hver nefnd fylgja samþykktum um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins eins og þær eru hverju sinni og kynna sér ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og tekur gildi 26. september 2018.

Mývatnssveit 26.09.2018

---

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri